

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 13. október 2011.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 – 19:00
Fundarstaður: A Mokka, Borgartúni, Reykjavík.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Sigurborg Sigurðardóttir (SS)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Mætt

1. Stjórn Gígjunnar.

Það vantar 2 konur í stjórn Gígjunnar og 1 konu til vara. Það þarf að hringja í formenn. Skipta niður póstlistanum og senda út ósk um tilnefningar frá kórunum.

2. Aðalfundur.

AG ætlar að athuga með Heiðu Gunnarsdóttur sem fundarstjóra á aðalfundinum. Það þarf að athuga með skjávarpa á staðnum. Þórkatla Aðalsteinsdóttir ætlar að halda erindi á aðalfundinum. Það þarf að fá lógó á rafrænu formi til að kynna á aðalfundinum. AL ætlar að kaupa styttu til að afhenda heiðursfélaga Gígjunnar. AIG ætlar að sjá um blómvönd, kaffi og meðlæti á aðalfundinum. SH sér um þátttökulista og dagská fyrir fundinn.

3. Opið bréf til fjölmiðla.

Vox sendi breytingatillögu á áskorunina til fjölmiðlanna. AG ætlar að senda tillöguna á stjórnina. Síðan þarf að samþykkja bréfið á aðalfundinum.

4. Heiðurstilnefning

Tvær tilnefningar til heiðursviðurkenningar eru komnar. Þær eru frá Vox feminae og Kvennakór Akureyrar. Stjórnin kaus á milli þeirra sem tilnefndar voru í leynilegri kosningu. Atkvæðin féllu þannig að það urðu 3 á móti 2 og er það Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir úr Vox feminae sem hlýtur heiðurstilnefninguna.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 19:00.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir